# Námsáætlun Lífsleikni - 4. bekkur
## skólaárið 2019 – 2020

**Kennari:** Magnús H. Guðmundsson
**Tímafjöldi:** 1 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll.** | *virði leikreglur í hópleikjum<br>*þjálfist í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt t.d. með orðum, myndum eða látbragði s.s. á bekkjarfundum<br>*geti sett sig í spor deiluaðila og leitað sáttaleiða t.d. á bekkjarfundum<br>*geti sett sig í spor ólíkra persóna og geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins og viti að við komum frá ólíkum fjölskyldum<br>*æfi síg í að setja sér markmið t.d. varðandi heilsu, nám o.fl.<br>*skilji afleiðingar orða sinna og gerða<br>*kynnist einkunnarorðum skólans | Í upphafi vetrar búa nemendur til bekkjareglur sem byggðar eru á einkunnarorðum skólans og eiga að efla og styrkja bekkjarandann. Þessum reglum er komið fyrir í skólastofunni svo hægt sé að minna á þær og ræða hvenær sem tækifæri gefst.<br>Einnig verða bekkjarfundir skv. Olweusaráætlun. Mikilvægt er að hafa í huga að allar námsgreinar grunnskólans fela í sér lífsleikni sem og öll samskipti kennara og starfsfólks skólans við nemendur og á milli þeirra. Umræður, einstaklings- og hópverkefni. Kennslan byggist aðallega á umræðum og æfingum í góðum samskiptum og fræðslu um samfélagið sem og verkefnavinnu. | Umsögn. |

**Námsgögn:** Spor 4 og ítarefni frá kennara.

**Lokanámsmat**: Umsögn.